

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um biskupafund.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíðóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elíðóttir.

#### 1. gr.

Biskup Íslands boðar vígslubiskupa til biskupafundar og stýrir honum.

#### 2. gr.

Biskupafundur er haldinn ársfjórðungslega og oftari ef þurfa þykir.

#### 3. gr.

Biskupafundur fjallar um málefni sem starfsreglur, ályktanir og samþykktir kveða á um varðandi trú og kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald. Biskupafundur býr mál er varða trú, kenningu, helgisiði og helgihald í hendur kirkjuþings.

#### 4. gr.

Biskupafundur er haldinn til samráðs um biskupsþjónustuna og upplýsinga um málefni kirkju og kristni.

Biskupafundur skipuleggur vísitasíur biskups Íslands og vígslubiskupa og gerir samræmda áætlun um þær.

#### 5. gr.

Biskupafundur endurskoðar árlega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim eignum í hendur kirkjuþings.

Biskupafundur fjallar auk þess um allar tillögur um þessi efni sem kunna að berast og býr þær til flutnings á kirkjuþingi eftir því sem málavextir gefa tilefni til og greinir kirkjuþingi frá málsmeðferð.

#### 6. gr.

Starfsreglur þessar, sem sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um biskupafund nr. 964/2006 frá sama tíma.

## Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2021-2022 lagði biskup Íslands fram tillögu að endurskoðuðum starfsreglum um biskupafund, 20. mál. Málið var dregið til baka og samþykkt að gildandi starfsreglur um biskupafund skyldu standa áfram óbreyttar til 1. janúar 2023. Var þá m.a. haft í huga að á þinginu var einnig samþykkt að stofna fimm manna starfshóp er skyldi skilgreina þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófesta og vígslubiskupa og skila af sér á kirkjuþingi 2022.

Tillögur þessar eru samhljóða framangreindri tillögu biskups. Í greinargerð með 20. máli kirkjuþings 2021- 2022 segir svo:

*Tillögur þessar eru nánast óbreyttar miðað við núgildandi starfsreglur um biskupafund. Hér er haldið til haga hlutverki sem er órjúfanlegur þáttur í hirðishlutverki biskupa innan hverrar kirkju. Helsta breytingin varðar gildisákvæði og skýrir út að lagt er til að tillögurnar verði samþykktar og byggðar á heimild í núgildandi lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Flutningsmaður telur mjög brýnt að áfram verði í gildi skýr ákvæði í starfsreglum um biskupafund sem skýrir hlutverk hans, skipan og verklag. Með þeim breytingum sem ný lög um þjóðkirkjuna fela í sér falla úr gildi ákvæði um biskupafund í lögum frá Alþingi. Það leggur ríkari skyldur á herðar kirkjuþingi að setja starfsreglur um verklag á sviði skipulags á vígðri þjónustu í sóknum landsins, prestaköllum og prófastsdæmum og hverjir fara með sérstaka ábyrgð í þeim efnum. Þá er hverri kirkju nauðsyn að hafa í skipulagi sínu skýr ákvæði um meðferð mála er varða trú og kenningu, helgisiði og helgihald og hvernig þau mál skuli búin í hendur kirkjuþings. Hér er haldið til haga því hlutverki og ábyrgð sem biskupar þjóðkirkjunnar gegna saman og með hvaða hætti þeir skipta hirðishlutverki, afleysingu og einstaka biskupsverkum sín á milli. Með tillögu að starfsreglum um biskupafund er verið að leggja til veigamikinn þátt í þeirri einingu sem þarf að vera í kirkjunni. Birtir það um leið eitt helsta hlutverk biskupa sem er að varðveita einingu um trú, kenningu, helgisiði og helgihald og gæta þess með góðu skipulagi á tilsjónarhlutverki biskupa.*

Lagt er til að tillögur þessar að starfsreglum öðlist gildi við birtingu.

Ekki er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður frá því sem nú er, hljótist af samþykkt tillagna þessara.